



Alþingi
Erindi nr. P 138/95/
komudagur 22.1.2010

SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi,
Viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 21. janúar 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi (pskj. 254 - 229. mál)

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið ofangreint mál til umsagnar. Samtökin höfðu áður sent sameiginlega umsögn til viðskiptanefndar Alþingis, dags. 7. desember s.l.

Vísað er til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram en til viðbótar vilja samtökin árétta eftirfarandi varðandi þau tvö atriði í frumvarpinu sem talið er mikilvægast að gerðar verði breytingar á.

Um 5. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er váttryggingafélagi eingöngu heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr. 5. gr., annars vegar hjá endurtryggingafélagi samkvæmt 1. – 4. tl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þ.e. ef váttryggingafélagið er hlutafélag með starfsleyfi hér á landi, váttryggingafélög með aðalstöðvar og starfsleyfi í ríki í EES, EFTA eða Færeyjum, Evrópufélag eða váttryggingafélag utan fyrrgreindra svæða en með útibú á Íslandi (1. másl. 2. mgr. 5. gr.), og hins vegar endurtryggingafélagi í ríki utan EES, EFTA og Færeyja ef fyrirliggjandi er samstarfssamningur um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga á milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags (2. másl. 2. mgr. 5. gr.).

Eins og fram kemur í umsögn samtakanna, dags. 7. desember s.l., hafa flest aðildarfélög SFF verulegar áhyggjur af því að takmarka eigi möguleika á að endurtryggja frumtryggingaráhættu í þriðja ríki með þessum hætti.

Verði ekki fallist á þær athugasemdir og tillögur um breytingar á efni 2. og 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins sem samtökin hafa nú þegar komið á framfæri, skal bent á eftirfarandi.

Samkvæmt upplýsingum frá FME hafa ekki verið gerðir samningar skv. 5. gr. frumvarps laga um váttryggingastarfsemi við erlend stjórnvöld þar sem sérstaklega er vikið að endurtryggjendum en gert mun vera ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB annist slíka samninga, þó með aðstoð CEIOPS.

Samkvæmt því er eðlilegra að orðalag 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins taki mið af framkvæmdinni og vísað verði til „samstarfssamnings sem Fjármálaeftirlitið er aðili að á milli ríkja EES og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags“.

Þótt FME hafi heimild skv. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins til að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. við kaupá endurtryggingum í þriðja ríki er sú undanþáguheimild óþarflega þröng, þar sem hún gerir ráð fyrir að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Til mikilla bóta væri að fella úr 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins orðin „sérstakar aðstæður“. Í því sambandi skal annars vegar bent á að væntanlega mun það taka nokkurn tíma að ganga frá samstarfssamningum við eftirlitsstjórnvöld í heimaríkjum endurtryggjenda utan EES-svæðisins. Hins vegar er eðlilegt að ákvæðið verði túlkað vítt þannig að váttryggingafélög þurfi ekki að skipta um endurtryggjendur frá þriðja ríki ef talið er unnt að ganga út frá því að endurtryggjandinn sé í sínu heimaríki undir sambærilegu eftirliti og tíðkast innan EES, en markmiðið með takmörkun á því, hvar heimilt verður að kaupa endurtryggingavernd er að gerðar verði sömu kröfur til þeirra endurtryggingafélaga sem hérlend frumtryggingafélög skipta við.

Um 54. gr.


Auk þeirra efnislegu athugasemda við ákvæði 54. gr. frumvarpsins um stjórn, sem rakin eru í umsögn samtakanna, dags. 7. desember s.l., skal áréttað að samtökin telja ekki rétt að setja strangari reglur um hæfi til stjórnasetu í váttryggingafélögum en um önnur félög á fjármálamarkaði. Eðlilegt er að samræmi sé milli reglna um stjórn váttryggingafélaga og stjórn annarra fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Í lok desembermánaðar 2009 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (343. mál – þingskjal 614). Vakin er athygli á því að samkvæmt 35. gr. þess frumvarps eru búsetuskilyrði stjórnarmanna önnur en í 54. gr. frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi.

Fulltrúar SFF og SA eru hvenær sem er reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.


Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Helga Jónsdóttir hdl.